



Fundargerð menningarmálanefndar 21.febrúar 2020

Fundur menningarmálanefndar Vopnafjarðar 21. febrúar 2020 í félagsheimilinu Miklagarði, settur 15:07.

Mætt: Jón Ragnar Helgason, Árný Birna Vatnsdal, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Hreiðar Geirsson og Fanney Björk Friðriksdóttir sem ritar fundargerð.

1. Styrktarbeiðni Hótels Tanga

Árný Birna vísar af fundi.

Framhald af umræðu vegna styrkbeiðni Hótels Tanga fyrir tvö fyrirhuguð Singalong kvöld. Öll gögn hafa borist. Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð 85.000.

2. Styrktarbeiðni Fjölmeningarhátíðar

Framhald af umræðu um styrkbeiðni vegna Fjölmeningarhátíðar. Breyting hefur orðið á umbeðinni upphæð og samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð 33.221 kr. Nefndin fagnar framtakinu og sammælist um að vel hafi tekst til.

3. Önnur mál:

22. Tilkynning um komu tveggja viðburða.

Jón Ragnar hefur verið í samskiptum við Jógvan Hansen sem hyggst koma á Vopnafjörð með tvo viðburði. Annarsvegar er það 22. apríl þar sem áætlað er að hann verði með tónleika ásamt Siggú Beinteinsdóttur og Guðrúnu Gunnarsdóttur. Hinsvegar er áætlað að hann komi 27. júní og verði með tónleika ásamt Friðriki Ómari.

4. Umræða og afgreiðsla á umsókn um stöðu umsjónarmanns Vopnaskaks 2020

Fanney Björk og Árný Birna óska eftir að fá að víkja af fundi. Ingibjörg Ásta kemur inn sem varamaður fyrir Fanney og skrifar niður í fundargerð á meðan.

Tvær umsóknir um stöðu umsjónarmanns Vopnaskaks 2020 bárust. Annarsvegar frá Sigurði Vopna Vatnsdal og hinsvegar frá Fanney Björk Friðriksdóttur. Nefndin var ánægð með, og sammála um að tveir mjög hæfir einstaklingar hafi sótt um stöðuna og valið ekki auðvelt. Ákveðið var að fara í samningsviðræður við Sigurð.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 16:02